

ins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Eyvindarson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrjettarins að vera óraskaður. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melstöðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1880.

Hid opinbera

gegn

Jakobi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 9. dag aprilmán. þ. á., er hinn kærði Jakob Jónsson dæmdur fyrir flakk, óleyfilega lausamennsku og fyrir að hafa brotið gegn banni hlutaðeigandi lögrelustjóra til að greiða 30 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að lúka 1 hundradi á landsvísu eptir þá gildandi verðlagsskrá, helming til nefnds fátækra sjóðs, en helming til fátækra fulltrúanna í Reykjavíkur kaupstað, eins og líka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði. Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Undirrettardómsgjörðirnar bera með sjer, að hinn kærði. Jakob Jónsson, er frá Spanish Fork í Utah Territory í Vesturheimi, og að hann hafi komið hingað að snemma á vetri 1879. Hinn kærði hefur játað, að hann hafi komið hingað í þeim tilgangi að prjedika «þeirra síðustu daga heilögu» og sje hann þeirrar trúar eða mormónstrúar, eins og líka, að hann hafi kennt hjer þessa trú og skírt nokkra. Það er enn fremur sannað, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur bannað honum að prjedika op in ber leg a.

Að því nú fyrst snertir það atríði, hvort hinn kærði hafi orðið sekur um flakk, þá er það upplýst í málinu, að hann í vetur, er leið, fór norður í Húnavatnssýslu til þess að kenna trú sína, en að hann að öðru leyti hefur dvalið í Reykjavík. Hinn kærði hefur borið — og annara upplýsinga hefur undirdómarinn ekki leitað í þessu tilliti — að hann á norðurferð sinni hafi borgað fyrir sig, þar sem þess hafi verið krafizt, og með því ekkert er fram komið, er bendi til, að hann hafi lifað á bónbjörgum, hvorki á norðurferð sinni nje í Reykjavík, þá virðist engin sönnun komin fram fyrir því, að hinn kærði hafi brotið gegn lögunum um flakk.

Þvínæst kemur til álita, hvort hinn kærði hafi gjört sig sekan í óleyfilegri lausamennsku. Eins og áður er á minnt, á hinn kærði heima í Vesturheimi og kom fyrst hingað í vetur, ekki til þess að setjast hjer að, heldur til þess — eptir því sem frekast verður sjeð — um stuttan tíma að kenna hjer mormónstrú. Honum gat því ekki borið skylda til að fara í vist; en úr því honum ekki bar skylda til þess, þá getur heldur ekki verið spursmál um, að hann hafi setið hjer í óleyfilegri lausamennsku, og á hann því einnig að vera sýkn að því þetta kæratriði snertir.

Loks er hinum kærða gefið að sök, að hann hafi

brotið gegn banni lögreglustjórans. Það er upplýst, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi vísað hinum kærða burt hjeðan úr lögsagnarumdæminu, að hann að vísu hafi farið. en komið aptur sama dag; en með því lögreglustjórinn ekki lýsti því yfir við hinn kærða, að sekt lægi við, ef hann ekki hlýðnaðist boði þessu, virðist ekki nægileg ástæða til að dæma hann fyrir óhlýðni gegn banni lögreglustjóra. Aptur á móti virðist hinn kærði eptir atvikum eiga að greiða málskostnað fyrir undirrettinum, og ber því að svo miklu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, eins og honum líka ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jakob Jónsson, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrettarins að vera óraskaður. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1880.

Jón landshöfðingjaritari
Jónsson
gegn
Halldóri yfirkennara
Friðrikssyni.